

Við kvaðningu matsmanna fyrir NTÍ skal fara eftir neðangreindum viðmiðunarreglum:

1. Almennt

- 1.1. Að jafnaði skal miðað við að verkfræðistofan sem annast matsstörf fyrir NTÍ hafi vottað gæðakerfi, t.d. ISO9001.
- 1.2. Þegar mikið álag er hjá NTÍ vegna tjónsatburða er mögulegt að gera kröfur um minni reynslu af tjónamötum en hægt er að gera þegar fá mál eru í tjónamati.
- 1.3. Leitast skal við að að miðla reynslu og þekkingu til reynsluminni matsmanna með því að hafa þá sem aðstoðarmenn með reyndari matsmönnum þar sem því er við komið. Með því er stuðlað að fjölgun hæfra matsmanna.
- 1.4. Að jafnaði skulu tveir matsmenn meta hvert tjón og skal a.m.k. annar þeirra vera reyndur matsmaður.
- 1.5. Heimilt er að veita leyfi fyrir því að einungis einn matsmaður meti tjón, en skal hann þá vera reyndur matsmaður.
- 1.6. Í mjög stórum atburðum er NTÍ heimilt að veita leyfi fyrir því að tveir óreyndir starfsmenn fari saman til að meta innbús- og lausafjártjón. Þó skal tryggja þjálfun starfsmanna áður en þeir hefja störf.

2. Kröfur til einstakra matsmanna:

- 2.1. Matsmenn skulu skila inn ferilskrá og undirrita trúnaðaryfirlýsingu áður en þeir hefja störf fyrir NTÍ til að hægt sé að leggja mat á menntun og reynslu viðkomandi starfsmanns.
- 2.2. Matsmenn skulu við hverja matsgerð/hvert tjónamat leggja mat á óhæði sitt gagnvart aðilum sem tjónamatið fer fram hjá og staðfesta í matsgerð að þeir hafi engin tengsl eða hagsmuni tengt umræddu tjónamati. Ef tengsl eru fyrir hendi sem haft gætu áhrif á meðferð málsins skal því komið í hendur annarra aðila til afgreiðslu. Þetta þýðir að ef vinskapur, kunningsskapur eða frændskapur er fyrir hendi skulu matsmenn gera grein fyrir því og vísa málinu frá sér til úrvinnslu hjá öðrum matsmanni eða öðru fyrirtæki ef ástæða er til. Matsstjórar bera ábyrgð á að matsmönnum sé kunnugt um þessar reglur og skulu tryggja að þeim sé fylgt í hvívetna.